



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: *Afdrif fjögurra tillagna Flokks fólksins frá síðasta kjörtímabili*

Forsaga:

Þann 10. ágúst 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði framhaldsfyrirspurn um óafgreidd mál Flokks fólksins í velferðarráði. Í þessu minnisblaði verður gerð grein fyrir afdrifum fjögurra tillagna sem vísað var til áframhaldandi meðferðar innan stjórnkerfisins.

Tillaga Flokks fólksins um sjúkraþjálfun og heimahjúkrun

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu um heimahjúkrun og sjúkraþjálfun:

Tillaga um að eldri borgarar fái þjónustu sjúkraþjálfara tvo daga í viku í stað eins og að heimahjúkrun verði veitt í ríkari mæli en nú er í boði. Með aukinni sjúkraþjálfun fyrir eldri borgara sem búa einir heima og geta ekki farið mikið út úr húsi eru meiri líkur á að viðkomandi geti viðhaldið þrótti sínum og verið lengur heima. Með aukinni þjálfun og fjölbreyttri hreyfingu eru líkur á að losa megji um stírnun eða í það minnsta tefja fyrir henni. Með aukinni hreyfingu nær viðkomandi að halda líkamanum í meira jafnvægi sem eykur sjálfstraust og þor til að geta gert þá nauðsynlegustu hluti eins og að klæða sig án erfiðleika. Með aukinni hreyfingu og hreyfingu eykst einnig matarlyst og líkamsstarfsemi helst betri. Það hefur verið sannað að það fólk sem getur hreyft sig á efri árunum líður betur andlega og líkamlega. Í ljósi þessa leggur fulltrúi Flokks fólksins til að eldri borgarar sem búa heima fái þjónustu sjúkraþjálfara tvo daga í viku í stað eins og að heimahjúkrun verði veitt í ríkari mæli en nú er í boði. Lagt er til að tillögunum verði vísað í sérstakan starfs- eða vinnuhóp til frekari úrvinnslu og að gert verði á þeim kostnaðarmat.

Tillögunni var vísað til yfirstandandi samningagerðar Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands.

Þann 1. október 2021 var gerður viðauki við samning á milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Reykjavíkurborgar, dags. 21. desember 2020, um hjúkrun í heimahúsi. Viðaukinn tekur til undirbúnings samþættingar sjúkraþjálfunar í heimahúsum við sérhæfða heimaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Þar kom fram að velferðarsvið Reykjavíkurborgar sem rekur heimahjúkrun skuli ráða yfirsjúkraþjálfara til að leiða verkefnið til eins árs. Markmið er að sjúkraþjálfun í heimahúsi verði hluti af sérhæfðri heimaþjónustu þar sem styrkur þverfaglegar nálgunar verði nýttur til að bæta þjónustu við sjúklinga. Markmið er einnig að sérhæfing vaxi, meðferðarmöguleikum fjölgi og að veita megji eftirfylgd með skjáheimsóknum. Að leiðarljósi skulu höfð þau markmið sem samþætt heimaþjónusta í Reykjavíkurborgar hefur viðhaft, það er að veita rétta þjónustu, á réttum tíma, af réttum aðila, á réttum stað og tryggja um leið hámarks árangur og nýtingu fjármuna. Sjúkraþjálfari var ráðinn til starfa þann 1. október 2021 og verkefnastjórn sem samanstóð af fulltrúum velferðarsviðs, Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Félagi heimasjúkraþjálfara var sett á laggirnar þann 12. nóvember 2021. Þann 7. júlí 2022 skilaði verkefnastjórnin til SÍ tillögum að framtíðarfyrirkomulagi sjúkraþjálfunar í heimahúsum



ásamt innleiðingaráætlun breytinga. Velferðarsvið mun fylgja málinu þétt eftir og halda áfram viðræðum við SÍ um framkvæmd og fyrirkomulag verkefnisins en fjármögnun þess er á hendi ríkisins.

Tillaga Flokks fólksins um matseðil, framleiðslu matar og næringargildi

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 202 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Tillögur er varða matseðilinn, framleiðslu matarins og næringargildi. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að matseðill eldri borgara verði endurskoðaður hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Gerðar hafa verið kannanir um marga þætti þessu tengdu en einhverjum þykir sem niðurstöður og óskir eldri borgara hafi ekki verið virtar. Lagt er til að næringardrykk sé bætt við matarsendinguna. Ef litið er yfir matseðla má sjá að all oft er maturinn kolvetnaríkur en minna er um prótein. Eldra fólk þarf á góðri næringu að halda til að geta haldið heilsu og þrótti til að það geti búið sem lengst heima hjá sér. Dæmi eru um að eldri borgarar sem búa heima hafi þurft að fara á sjúkrahús vegna næringarskorts og uppþornunar. Auk þess er lagt til að fólki sé boðið upp á eitthvað val með matinn sinn, t.d. geti valið meira eða minna grænmeti. Fulltrúi Flokks fólksins leggur auk þess til að þessi atriði verði skoðuð af næringarráðgjöfum borgarinnar og að aukin verði eftirfylgni með að farið sé eftir matarstefnu borgarinnar að öllu leyti. Lagt er til að tillögunni verði vísað í sérstakan starfs- eða vinnuhóp til frekari úrvinnslu og að gert verði á tillögunni kostnaðarmat.

Tillögunni var vísað til stýrihóps um innleiðingu á matarstefnu Reykjavíkurborgar. Hópurinn tók ekki efnislega afstöðu til tillögunnar.

Í framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi er framleiddur annars vegar hraðkældur hádegismatur sem sendur er til fólks í heimahúsum og hins vegar heitur hádegismatur fyrir þjónustuíbúðir og félagsmiðstöðvar. Að meðaltali eru eldaðar um 950 máltíðir á dag en fjöldi matarskammta getur verið allt frá 600 til 1400 máltíðir.

Sýni ehf. gerði úttekt á fjölbreytni og næringargildi 5 daga matseðils framleiðslueldhússins hverrar máltíðar fyrir dagana 23. nóvember til 27. nóvember 2020 og var niðurstaðan að matseðillinn væri mjög finn og mikil áhersla á fjölbreytni. Máltíðirnar gáfu að meðaltali um 800 kkal á dag sem er ásættanlegt ef miðað er við um 1/3 af daglegri þörf sem er um 2400-2500 kkal á dag. Hlutfall orkuefnanna var nokkuð gott miðað við að um hádegismat er að ræða. Fita gaf um 50% af orkunni (ætti að gefa 40-45%). Prótein gaf 23% af orkunni (ætti að gefa 18-20%). Kolvetni gaf um 30% af orkunni (ætti að gefa um 45-50%). Gert er ráð fyrir að ráðlögð hlutföll náist vel ef morgunverður, kaffi og kvöldverður væru tekin með í útreikningana.

Næringarráðgjafi framleiðslueldhússins veitir ráðgjöf við matseðla og einnig er náið samstarf við verkefnastjóra matarstefnuteymis sem staðsettur er á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Verkefnastjórinn reiknar út næringargildi í matnum sem boðið er upp á og passar upp á að hann sé rétt samsettur. Yfirumsjónarmaður eldhússins situr í Matarstefnuteymi borgarinnar en teymið sér um að farið sé eftir matarstefnu borgarinnar að öllu leyti.

Tillaga Flokks fólksins um verkferla aðstoðar við böðun eldra fólks

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Tillögur Fulltrúa Flokks fólksins er lúta að verkferli aðstoðar við böðun eldri borgara. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerðar verði nokkrar breytingar á verkferlum sem lúta að aðstoð við böðun fólks sem þurfa aðstoð að því tagi. Flokkur fólksins leggur til að þeir sem njóta aðstoðar við böðun fái aðstoðina þrátt fyrir að áætlaður baðdagur þeirra lendi á rauðum degi. Viðhalda þarf þessari þjónustu sama hvaða dagur er. Auka þarf mannskap svo hægt sé að viðhalda þjónustunni án tillits til hvort það er virkur dagur eða rauður dagur. Lagt er einnig til



að baðdögum sé fjölgað úr einum í tvo á viku hjá þeim sem þess óska. Í verklagsreglum vegna böðunar þarf jafnframt að koma enn skýrar fram að fólk sé ekki skilið eftir í baðaðstæðunum þar sem það getur slasast. Aldrei má skilja við einstakling sem er orðinn óöruggur í hreyfingum fyrr en hann er kominn á öruggan stað í íbúð sinni. Sá vandi hefur verið reifaður að aðstoðarfólk sé oft undir álagi og hafi aðeins stuttan tíma eða kannski 40 mín. til að aðstoða við böðun. Sá tími dugar alls ekki í mörgum tilfellum.

Tillögunni var vísað til yfirstandandi samningagerðar Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands.

Heimahjúkrun veitir einstaklingshæfða og markvissa hjúkrun í samræmi við kröfulýsingu með samningi milli Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands sem undirritaður var 13. október 2020. Hjúkrunin er sérsniðin að þörfum hvers og eins og unnið er eftir þjónustuferli sem byggir á upplýsingasöfnun, greiningu, markmiðasetningu, áætlun, framkvæmd og mati. Gerð er einstaklingsbundin hjúkrunaráætlun fyrir hvern og einn þ.m.t. um böðun, sé þess þörf og er áætlunin ávallt gerð í samráði við viðkomandi. Ef sjúklingar vegna heilsufarsástands geta ekki baðað sig sjálfir sér starfsfólk heimahjúkrunar um að gera það. Ef aðstæður eru þannig að viðkomandi þarf böðun oftár en einu sinni til tvisvar í viku er komið til móts við þær þarfir.

Samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021 er stuðningsáætlun ætíð gerð með notendum. Þegar fólk getur baðað sig sjálft en er óruggt eru starfsmenn heimastuðnings á staðnum til þess að veita öryggi á meðan þeir baða sig. Stuðningsáætlanir eru ætíð gerðar í samráði við notendur um það hvenær og hvernig stuðningur er veittur.

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um átak í að kynna tilkynningarhnapp ætlaðan börnum í Reykjavík:

Á fundi velferðarráðs þann 16. desember 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokks fólksins um átak í að kynna tilkynningarhnapp ætlaðan börnum í Reykjavík:

Tillaga Flokks fólksins um að átak verði gert í að auglýsa sérstakan tilkynningarhnapp ætlaðan börnum til að tilkynna ef þeim finnst eitthvað að hjá sér, heima hjá sér eða hjá vinum sínum. Hnappurinn er á vef Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðarsvið og Reykjavíkurborg fari í sérstakt átak við að auglýsa tilkynningarhnappinn ætlaðan börnum sem er á vef Reykjavíkurborgar. Átakið feli í sér fjölbreyttar aðferðir til að ná til sem flestra barna. Tilkynningum um auknið ofbeldi gagnvart börnum hefur fjölgað með komu COVID-19. Um er að ræða aukningu tilkynninga þar sem börn eru vitni að eða sjálf beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi á heimili sínu. Börnin sjálf eru oft ekki að ræða um þessi erfiðu mál út á við. Það er mikilvægt að hnappurinn sem ætlaður er fyrir börn til að tilkynna mál höfði til þeirra og sé á nokkrum tungumálum. Umfram allt þurfa börn að vita af tilkynningarhnappnum.

Á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 var tillögunni vísað til yfirstandandi vinnu við uppfærslu heimasíðu Barnaverndar.

Niðurstaða þeirrar vinnu var að ekki þótti sérstök ástæða til að setja upp neyðarhnapp sérstaklega ætlaðan börnum í Reykjavík til viðbótar við þann sem fyrir er.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er svæði/linkur þar sem hægt er að senda inn tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur. Leiðbeiningar og eyðublöð eru á netinu í rafrænu formi og eru á íslensku, ensku og pólsku. Þá eru ítarlegri tilkynningar eyðublöð á innri vef Reykjavíkurborgar sem eru sérstaklega hugsuð fyrir starfsmenn skóla, leikskóla og frístundar til að koma tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur.

Á undanförunum árum hefur 112 gert stóráttak í því að leiðbeina börnum um ofbeldi, birtingarmyndir þess og hvernig best sé að leita sér aðstoðar eða hjálpar. Þá er reglulega gert áttak í því að höfða til barna og kynna fyrir þeim neyðarnúmerið 112, þar sem þau geta bæði



haft samband í gegnum síma og netspjall. Hafi barn samband við neyðarlínu kemur neyðarlínan þeim skilaboðum strax áleiðis til Barnaverndar, ýmist með því að kalla út bakvakt (ef barn er í hættu eða neyð) eða þá að tilkynningu barns er komið áleiðis til starfsmanna Barnaverndar. Alltaf er reynt að bregðast við og sinna tilkynningum frá börnum sem fyrst.

Það er mat Barnaverndar að skýrast og einfaldast sé fyrir öll börn að hafa einn sameiginlegan aðgang að því að hringja og tilkynna um aðstæður sínar. Þannig geta börn alls staðar af landinu hringt í 112 og verið þess fullviss að áhyggjur þeirra skili sér á réttan stað. Í ljósi þessa hefur ekki þótt sérstök ástæða til að setja upp annars konar neyðarhnapp sérstaklega ætlaðan börnum í Reykjavík. Þá er mikilvægt að horfa til þeirrar umfangsmiklu vinnu sem nú fer fram á grundvelli laga um samþættingar þjónustu í þágu barna þar sem áhersla er lögð á mikilvægi þess að fyrsti snertiflötur barns sé nærumhverfi þess; kennari, hjúkrunarfræðingur í skóla, starfs- og námsráðgjafar, starfsmenn frístundaheimila og frístundamiðstöðva o.s.frv. Sé barn í hættu eða hafi það áhyggjur af aðstæðum sínum getur það alltaf hringt í 112 og er þá eftir atvikum vísað áfram til starfsmanns Barnaverndar.